

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
7852-002-FUN-028-V01	Svæðisskipulag Suðrhálendis 2022 - 2042
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI
19.07.2024	SASS
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI
28	Afgreiðsla Skipulagsstofnunar

FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
19.07.2024 HRB	SASS	Fjarfundur
FUNDARFÓLK		SVEITARFÉLAG / FYRIRTÆKI
Ísleifur Jónasson		Ásahreppur
Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir		Bláskógabyggð
Ása Valdís Árnadóttir		Grímsnes- og Grafningsshr.
Daði Geir Samúelsson, Jón Bjarnason		Hrunamannahreppur
Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gissurarson		Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson, Bjarki Oddson		Rangárþing eystra
Gunnar Aron Ólafsson, Eydís Indriðadóttir		Rangárþing ytra
Einar Freyr Elínarson		Mýrdalshreppur
Árni Eiríksson		Flóahreppur
Þóra Björg Ragnarsdóttir		Rangárþing eystra
Hrafnhildur Brynjólfsdóttir		Verkfræðistofan EFLA
Bjarni Guðmundsson		SASS
Dreifing		Fyrirtæki
Bjarni Guðmundsson		SASS
Fundarskjöl		Næsti fundur
Afgreiðsla Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi Suðrhálendis.		Ekki dagsettur

Dagskrá og efni fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 27. fundar og telst hún samþykkt.

1. Viðbrögð við afgreiðslu Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi til staðfestingar.

Afgreiðsla Skipulagsstofnunar liggur fyrir í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Stofnunin hefur farið yfir framlögð gögn með tilliti til forms og efnis og með hliðsjón af samræmi við gildandi Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi þann 16. maí 2024 sbr. ályktun nr. 16/154.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreytt skv. 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga vegna form- og efnisgalla.

Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulag

Til að unnt sé að staðfesta svæðisskipulagið leggur Skipulagsstofnun til að „*stefna svæðisskipulagsins varðandi gerð og hönnun vega og stefna um flokkun ferðaþjónustustaða verði endurskoðuð þegar vinnu við þar að lútandi framfylgdarverkefni, samkvæmt ofangreindri fimm ára aðgerðaráætlun með landsskipulagsstefnu, er lokið:*“ og vísar til aðgerðar nr. 6 um stefnumótun um vegakerfi miðhálandis, aðgerðar nr. 12 um uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á miðhálandinu og aðgerðar nr. 13 um kortlagningu víðerna. Skv. fyrirvörunum sem Skipulagsstofnun leggur til þá eigi að endurskoða stefnu Svæðisskipulagsins um þessi málefni, þegar lokið hafi verið við þessar aðgerðir, en fram að því verði stefna Svæðisskipulagsins ekki innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna og ekki veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en endurskoðun hennar sé lokið.

Farið var yfir kynningu á afgreiðslu Skipulagsstofnunar og sjónarmiðum um hana. Kynningin fylgir fundargerð.

Verkefnisstjórn og svæðisskipulagsnefnd svæðisskipulags Suðurlandshálendis hafa kynnt sér afgreiðslu Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi Suðurlandshálendis 2022-2042.

Svæðisskipulagsnefnd hafnar því að setja inn þá fyrirvara sem Skipulagsstofnun segir í afgreiðslu sinni að þurfi að setja inn í Svæðisskipulagið til að það fái staðfest.

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir að Skipulagsstofnun sendi tillöguna nú til ráðherra samkvæmt 5. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

2. Næstu skref

BG hjá SASS falið að koma skilaboðum fundarins til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun ætti þá að vísa Svæðisskipulaginu til ráðherra.

Ráðuneytið mun væntanlega óska eftir viðbrögðum Svæðisskipulagsnefndar við því og mun verkefnisstjórn undirbúa rökstuðning sinn fyrir því að víkja frá Landsskipulagsstefnu og fleiri þau álitafni sem afgreiðsla Skipulagsstofnunar gefur tilefni til að fjallað sé um.